

Kjörgengi vegna kosninga til SMS 2026

Skólafélag Menntaskólans við Sund starfar í umboði skólans og er rektor ábyrgðarmaður alls sem félagið gerir.

Sú krafa er gerð til nemenda sem ætla að bjóða sig fram til embætta SMS að þau séu jákvæðir leiðtogar, góðar fyrirmyndir og vilji vinna með stjórnendum, félagsmálastjóra og öðru starfsfólki MS í þágu allra nemenda skólans.

Auknar kröfur eru gerðar til nemenda sem ætla að bjóða sig fram í miðhóp eða sem formenn nefnda. Kröfurnar eru eftirfarandi:

- Frambjóðendur mega ekki hafa fengið agabrot á yfirstandandi skólaári.
- Frambjóðendur þurfa að hafa 85% mætingu að lágmarki á yfirstandandi skólaári, enda telst [mæting undir 85% agabrot](#).
- Frambjóðendur þurfa að hafa sinnt námi sínu og hafa staðist [lágmarkskröfur um námsframvindu](#) innan skólaársins. Lágmarkskröfur um námsframvindu eru 40 einingar á skólaári (á hverjar 3 annir) eða 13,3 einingar að meðaltali á önn.
- Frambjóðendur sem ná kjöri til embætta miðhóps eða nefndarformanna þurfa að gangast undir samstarfssamning við stjórnendur skólans. Samningur leiðtoga SMS við stjórnendur skólans er forsenda samstarfsins og geta nemendur sótt um að fá einingar fyrir sín störf að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.